

Tungusilungur ehf
Strandgötu 39
460 Tálknafjörður

Egilsstaðir, 25. júlí 2022
UST202202-417/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9.6.2022 – Tungusilungur ehf.

Þann 9. júní sl. fór fram eftirlit í Tungusilung, Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram.

Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. Frávikin varða:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Engin hreinsun er á frárennsli frá stöðinni. Lágmarkshreinsun á frárennsli er fyrsta þreps hreinsun, sbr, gr. 3.1 starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila þann 10. september 2020 og úrbótaáætlun dags. 27. september sama ár, voru áætluð verklok sumarið 2021. Þá var áætlað að lokið yrði uppsetningu settanka og hæðarstýringar vatns við stærstu eldiskerin, bæði á Keldeyrarsvæði og við Hvítalæk. **Eins og fram kemur í eftirlitsskýrslu er ákveðið að fylgja þessu frávikum ekki eftir fyrr en kröfur í nýju starfsleyfi liggja fyrir.**
2. Gr. 2.5 í starfsleyfisskilyrðum. Net yfir fiskikörum voru víða rifin og slitin þannig að aðgangur fugla og annarra meindýra að fiskikörum var ekki nægilega hindraður í samræmi við kröfur í starfsleyfisskilyrðum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila þann 10. september 2020 og 12. október sama ár, hafði þá ekki verið klárað að byggja yfir ker en net höfðu verið löguð og aðgengi fugla að kerjum hindrað með fullnægjandi hætti. Einnig kom fram að enn stæði til að tjalda yfir kerin en það hafi frestast vegna annarra framkvæmda og Covid19. Umhverfisstofnun samþykkti áform rekstraraðila í bréfi dags. 21. október 2020, en óskaði jafnframt eftir því að upplýsingar um framvindu framkvæmda yrðu sendar eftirlitsaðila fyrir 1. júní 2021 og gerði kröfu um að allar fyrirhugaðar breytingar á áætluninni yrðu bornar undir sérfræðinga stofnunarinnar til samþykktar. **Umhverfisstofnun fer því fram á að upplýsingar um framvindu framkvæmda verði sendar stofnuninni fyrir 15. ágúst nk. og ítrekar að allar breytingar á áætluninni verði bornar undir sérfræðinga Umhverfisstofnunar til samþykktar.**

Minnt er á að framlenging nógildandi starfsleyfis rennur út þann 11. desember nk. og að það er á ábyrgð rekstraraðila að gilt starfsleyfi sé til staðar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur